

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

106. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 1. desember 2011 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Fjallskilastjórnar Vatnsnesinga v/ upprekstrar í Kirkjuhvammi.
2. Grenjavinnsla í fyrrum Þverárhreppi.
3. Staða dýralæknaþjónustu í Húnavatnssýslum.
4. Útgáfa markaskrár.
5. Samþykkt um búfjárhald.
6. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Fjallskiladeildar Vatnsnesinga eru mættir til fundar við landbúnaðarráð í kjölfar þess að ráðinu hefur borist til umsagnar bréf fjallskiladeildarinnar þar sem fram kemur gagnrýni á sleppingu hrossa á jörðinni Kirkjuhvammi. Farið var yfir ýmiss atriði er mál þetta varða. Samþykkt að afla frekari upplýsinga og afgreiðslu frestað.
2. Grenjavinnsla í fyrrum Þverárhreppi. Byggðarráð hefur vísað til umsagnar landbúnaðarráðs bréf Konráðs P. Jónssonar þar sem hann óskar eftir því að Björn Viðar Unnsteinsson verði ráðinn til að sinna grenjavinnslu í fyrrum Þverárhreppi í stað Baldurs Heimissonar. Landbúnaðarráð samþykkir að Björn Viðar verði ráðinn ásamt Konráði P. Jónssyni til að annast grenjavinnslu í fyrrum Þverárhreppi.
3. Landbúnaðarráð tekur undir bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra þar sem þungum áhyggjum er lýst yfir þeirri stöðu sem nú ríkir um dýralæknaþjónustu í Vestur-Húnavatnssýslu. Landbúnaðarráð álitur nauðsynlegt að nú þegar verði fundin varanleg lausn á því vandamáli sem uppi er og telur brýnt að þegar verði ráðinn til starfa dýralæknir er hafi búsetu á svæðinu.
4. Sveitarstjóri greindi frá því að samið hafi verið við Eggert Ó Levy og Jóhann Guðmundsson til að annast útgáfu markaskrár fyrir Húnavatnssýslur á árinu 2012.
5. Rætt um kosti þess og galla að sett verði samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Samþykkt að málið verði tekið til frekari umræðu á næsta fundi.
6. Önnur mál. Samþykkt að næsti fundur landbúnaðarráðs verði haldinn miðvikudaginn 11. janúar nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Agnar Jónsson(sign.),  
Skúli Þórðarson(sign.).

Þóra Loftsdóttir(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).